

Skipulagsstofnun
Hafðís Hafliðadóttir,
sviðsstjóri
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. nóvember 2017
2017110011/42-0
TB
jgo/tb

Afmörkun miðhálandisins í Hrunamannahreppi

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 13. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 um að breyta afmörkun miðhálandisins innan hreppsins. Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir að draga markalínu hálandisins eftir sömu línu og afmarkar þjóðlendur í sveitarfélaginu þe. línan er dregin eftir mörkum eignarlanda.

Eins og kemur fram í bréfi Skipulagsstofnunar eru núverandi mörk miðhálandisins eins og þau voru ákveðin í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands en þar afmarka þau náttúrufarslega og skipulagslega heild. Á undanförunum árum hefur ekki verið talin ástæða til að gera miklar athugasemdir á þeirri afmörkun. Að mati Náttúrufræðistofnunar gengur það ekki upp að miða skipulagsmörk almennt við eignarlönd hvorki á láglandi né hálandi landsins enda væri það ekki í samræmi við markmið skipulagslaga sem m.a. miða af því að hafa efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna allra að leiðarljósi og gera jafnframt ráð fyrir að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé í fyrirrúmi. Að mati Náttúrufræðistofnunar mun tillaga að nýjum mörkum fyrir Hrunamannahrepp hvorki afmarka betur náttúrufarslega heild miðhálandisins né skipulagslega heild sbr. að núverandi lína er sett m.t.t. afréttarlands.

Ef farið verður í að breyta afmörkun miðhálandisins í Hrunamannahreppi eftir eignarlöndum er komið fordæmi fyrir því að það verði gert annarsstaðar. Eignarlönd ná mjög misjafnlega langt inn á hálandissvæðið og eru mörk þeirra alls ekki ráðandi um hvort um sé að ræða hálandi eða láglandi hvorki náttúrufarslega né skipulagslega t.d. hvað varðar mörk byggðar.

Ef setja á ný mörk fyrir miðhálandi Íslands þ.m.t. í Hrunamannahreppi, og annað hálandi telur Náttúrufræðistofnun eðlilegast að gera það með samræmdum hætti og skilgreindum aðferðum þar sem m.a. væri byggt á náttúrufari (hæð yfir sjávarmáli, hálandisbrún), landi í byggð og eiginleikum landnýtingar í hálandinu (t.d. hvaða landnýtingarflokkar eru til staðar í meiri hæð en 200-400 m y.s). Náttúrufar og náttúruvernd og eðli landnýtingar og öryggismá eru að mörgu leiti allt annars eðlis í hálandinu en í láglandi byggðum og krefjast mun meiri samræmingar, t.d. hvað varðar skipulag, og aðkomu stjórnvalda á landsvísu fyrir utan það að



háland svæði eru að stórum hluta þjóðlendur. Náttúrufræðistofnun vill því að svo stöddu ekki leggja til önnur mörk fyrir afmörkun miðhálandisins í Hrunamannahreppi.

Náttúrufræðistofnun leggur til að afmörkun miðhálandislínu í Hrunamannahreppi verði óbreytt og ef farið verði í breytingar á afmörkun miðhálandisins verði það gert með samræmdum hætti þar sem m.a. náttúrufar, eðli landnýtingar og öryggismál/náttúruvá verða látin ráða ferðinni en ekki eignarlönd.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

